

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2022

| Heiti verkefnisins | Nýsköpun |
|--|---|
| Markmið | Efla og auka stuðning við frumkvöðla og nýsköpun á Norðurlandi eystra |
| Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | <p>Þátttaka í Norðanátt - hringrás nýsköpunar, samstarfsverkefni SSNE, SSNV, Eims, Hraðsins og NÍN. Þátttakan felur í sér verkefni á borð við vinnusmiðjur fyrir frumkvöðla, fjárfestahátíð, Lausnamót, viðskiptahraðall og vaxtarrými. Viðburðirnir gagnast frumkvöðlum með hugmyndir á öllum stigum og marka hringrás nýsköpunar. Einnig er verið að leggja áherslu á að tengjast Háskólunum á svæðinu (Norðurlandi) og einkafyrirtækjum.</p> <p>Áhersluverkefnið felur einnig í sér: Þátttöku í Ratsjánni, Matsjánni og Hæfnihringjum sem dæmi. Stuðningur við sveitarfélög til að koma á fót nýsköpunar-, þekkingar eða samvinnurýmum í sveitarfélögum á starfssvæði SSNE. Þátttaka og stuðningur í við starfamessur grunnskólanna á svæðinu. Stuðningur við umsækjendur í stærri sjóði í formi námskeiða og sérhæfðri ráðgjöf. Mikilvægi nýsköpunar og er ótvírætt fyrir framsækið atvinnulíf og menntakerfi. Nýsköpun er helsta verkfæri samfélaga til að takast á við þær áskoranir sem fyrir þeim standa, en nýsköpun verður ekki í tómarúmi. Það þarf frjóan jarðveg og verðug vandamál að glíma við.</p> |
| Framkvæmdaaðili | SSNE |
| Samstarfsaðilar | SSNV, Eimur, Hraðið, NÍN |
| Tengsl við sóknaráætlun | Atvinna og nýsköpun , er eitt af þrem meginstoðum í sóknaráætlun með áherslu á sterka innviði, góðum samgöngum og nýskapandi atvinnulífi í sjálfbærum landshluta. Eitt markmiðið þar er að efla fjölbreytt atvinnulíf og stuðla að nýsköpun á öllu svæðinu. |
| Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna | Heimsmarkmið 4 (Menntun fyrir alla), Heimsmarkmið 8 (Góð atvinna og hagvöxtur), Heimsmarkmið 9 (Nýsköpun og uppbygging) Heimsmarkmið 2 (Ekkert hungur), Heimsmarkmið 15 (Líf á landi) Heimsmarkmið 7 (Sjálfær orka) |

| | |
|--|--|
| Árangursmælikvarðar | <p>Árangur verkefnisins verður metinn með fjölbreyttum hætti. Þar má helst nefna:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fjöldi þátttakenda og umsagnir þeirra um gagn og gildi viðburðanna. - Fjöldi frambærilegra verkefna sem koma fram á tímabilinu. - Auka styrkjafjármagn inn á svæðið með þeim verkefnum sem skapast í hringrásinni. - Fjöldi samvinnu-, nýsköpunar- og þekkingarsetrum sem verða til á tímabilinu. |
| Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | Nýsköpun er helsta verkfæri samfélaga til að takast á við þær áskoranir sem fyrir þeim standa, en nýsköpun verður ekki í tómarúmi. Það þarf frjóan jarðveg og verðug vandamál að glíma við. Verkefninu er ætlað að ná til frumkvöðla svæðisins og hvetja þá til dáða. Verkefninu er ætlað að styðja við einstaklinga og teymi sem eru að taka sín fyrstu skref og jafnframt ná til frumkvöðlastarfsemi rótgrónna fyrirtækja sem oft ber minna á en í felast mikil tækifæri til aukinnar fjárfestingar. |
| Upphaf og lok verkefnis | Mars 2022 – mars 2023 |
| Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma) | 6.000.000. kr. |
| Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á) | 6.000.000.- kr. |
| Mótframlag (ef við á) | |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á) | <p>Nýsköpunarlandið Ísland,</p> <p>Klasastefna fyrir Ísland</p> <p>Framtíðarstefna fyrir íslenskan útflutning</p> <p>Áfram gakk, utanríkisviðskiptastefna Íslands</p> |